

# 344. fundur Skólanefndar FS

## 30. janúar 2018



**Mættir:** Böðvar Jónsson formaður, Helga María Finnbjörnsdóttir, Ísak Ernir Kristinsson, Jónína Magnúsdóttir, Ólafur Þór Ólafsson, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson, Páll Orri Pálsson og Bjarnfríður Bjarnadóttir og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

**Dagskrá:**

1. Upphaf annar.
2. Staðan varðandi byggingu félagsrýmis.
3. Önnur mál.

### 1. Upphaf annar.

Skólameistari sagði frá upphafi vorannar, breytingum á starfsmannahópnum og nýjum mætingareglum. Nemendur eru rúmlega 900. Búið er að afnema efnisgjöld í framhaldsskólum en með því á að efla verk- og starfsnám. Fimmtudaginn 1. febrúar verður samstarfsfundur kennara og starfsfólks framhaldsskólanna á Suðurnesjum, Suðurlandi og Vesturlandi og verður hann haldinn hér.

### 2. Staðan varðandi byggingu félagsrýmis.

Rætt um fyrirhugaða viðbyggingu með félagsrými en í fjárlögum eru 50 milljónir settar í þetta verkefni. Málið er nú hjá Framkvæmdasýslu ríkisins. Rætt um næstu skref í verkefninu.

### 3. Önnur mál.

a) Rætt um næstu skref í stefnumótunarvinnu skólanefndar og ákveðið að næsti fundur verði miðvikudaginn 21. febrúar kl. 17:00.

b) Skólameistari sagði frá því að verið er að skoða að fá hjúkrunarfræðing frá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja til að vera með viðtalstíma fyrir nemendur í skólanum.

c) Skólameistari sagði frá fundum með fulltrúum ÍAV þar sem ræddar hafa verið leiðir til að efla iðnnám, m.a um samningsmál iðnnema.

d) Bjarnfríður sagði frá umræðum í foreldrafélagi skólans um vape-notkun og spurði um reglur skólans varðandi hana. Skólameistari svaraði þessu til að vape-notkun er bönnuð í skólanum og er tekið á henni eins og öðrum brotum á skólareglum.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "YOK HMF", "POP", "MOM", "JM", and "GV".


e) Bjarnfríður spurði um skákiðkun í skólanum. Skólameistari svaraði því til að skák er nær ekkert stunduð í skólanum um þessar mundir. Bent á að þetta gæti breyst en skák er nú kennd í einhverjum grunnskólum á svæðinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

  
Böðvar Jónsson, formaður


  
Helga María Finnbjörnsdóttir


  
Bjarnfríður Bjarnadóttir


  
Gunnar Valdimarsson

  
Kristján Ásmundsson

  
Ísak Ernir Kristinsson

  
Jónína Magnúsdóttir

  
Ólafur Þór Ólafsson

  
Páll Orri Pálsson

  
Guðmann Kristþórsson, fundarritari